

## 1. maí ávarp forseta ASÍ

sínu á Akranesi.

1. maí 2003,

### Ávarp Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ á Akranesi

Félagar

„Velferð fyrir alla“ eru einkunnarorð aðgerða íslensku verkalýðshreyfingarinnar á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks í ár. Það vísar til þeirra áherslna í velferðarmálum sem Alþýðusamband Íslands kynnti fyrr í vetur og eru afrakstur vinnu innan verkalýðshreyfingarinnar og samráðs við fjölmarga aðila í þjóðfélaginu. Jafnframt felst í þessum einkunnarorðum skírskotun í allt það sem verkalýðshreyfingin stendur fyrir – að tryggja velferð fyrir alla.

Áður en ég vík að þessum áherslum, vil ég þó rifja upp í nokkrum orðum í hvaða sporum við vorum fyrir ári síðan. Þá vorum við á síðustu metrunum í baráttunni við að halda verðbólgu innan svokallaðra rauðra strika.

Við höfðum allt árið þar á undan varað við ofpenslu í þjóðfélaginu og því að verðbólgan gengi stöðugt á kaupmátt launafólks. Við vörudum ítrekað við og bentum á leiðir til að snúa við öfugþróuninni, en töluðum lengst af fyrir daufum eyrum.

Að lokum tókst þó að knýja ríkisstjórnina til að taka þátt í verkinu með okkur. Það tókst ekki nema vegna þess að við sendum frá okkur skýr skilaboð. Við lýstum okkur reiðubúin til að taka þátt í sameiginlegu átaki allra aðila í þjóðfélaginu, en við ætluðum ekki að axla byrðarnar ein. Ef menn væru ekki tilbúnir í sameiginlegt átak – þá værum við tilbúnir í aðgerðir til að verja kaupmáttinn.

Þetta gátum við gert – af því að það var mikil samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar um þessa nálgun. - Gleymum því ekki félagar.

Fyrir ári síðan var orðið nokkuð ljóst, að átakið kæmi til með að takast. Verðbólga var á hröðu undanhaldi og ljóst að gríðarlegur árangur hafði náðst. Heimilunum og atvinnulífínu í landinu hafði verið forðað frá alvarlegum áföllum, óðaverðbólgu, kaupmáttarskerðingum og mikilli skuldaukningu.

Ég rifja þetta upp núna, af því að við erum svo fljót að gleyma. Við stæðum ekki í þeim sporum sem við erum í núna, ef verkalýðshreyfingin hefði ekki tekið málin í sínar hendur og þrýst öðrum til þátttöku.

En víkjum þá aftur að yfirskrift dagsins – velferð fyrir alla. Í meira en tvö ár hefur verið í gangi markviss og ítarleg vinna við að greina velferðarkerfið og skilgreina þær aðgerðir sem Alþýðusambandið telur nauðsynlegar til að snúa við þeirri óheillaþróun sem verið hefur í gangi undanfarin ár. Velferðarkerfið hefur veikt. Um það er ekki að villast.

Við efndum til samráðs við fulltrúa þeirra aðila sem hafa mesta þekkingu á kjörum og aðstæðum þeirra sem verst eru settir í þessu þjóðfélagi. Hverjir þekkja þessar aðstæður betur en starfsfólk á félagsþjónustum sveitarfélaga, hjálparstofnana og almannaheillasamtaka? Öruglega ekki þeir stjórnmalámennt sem nú fullyrða að velferðarkerfið hafi í það heila styrkst?

En um hvað snúast þessar tillögur? Alþýðusamband Íslands er þeirrar skoðunar að velferðin skuli hvíla á fjórum meginstöðum - , menntakerfi, umönnunarkerfi, heilbrigðiskerfi og tryggingakerfi. Hún á að grundvallast á aðgangi fyrir alla - eftir þörfum - en ekki kaupgetu og efnahag. Hún á að tryggja góða þjónustu, fjölbreytni og sveigjanleika og velferðarkerfið á að fjármagna með réttlátu skattkerfi. Það á að lúta lýðræðislegri stjórn þannig að almenningur geti veitt stjórnmalámenntum aðhald við þróun þess.

Tíminn leyfir ekki að ég fjalli efnislega um þessar tillögur, en ég ætla þó að nefna nokkrar aðgerðir sem nauðsynlegt er að fara í nú þegar, til að leysa bráðasta vandann. Það þarf að auka niðurgreiðslur á húsaleigu og stórauka framboð á félagslegu leiguhúsnæði. Það þarf að auka jafnrétti til náms með auknum stuðningi við ungt fólk úr efnaminni fjölskyldum og það er forgangsverkefni að draga úr kostnaði sjúklinga vegna lyfjakaupa og heilbrigðisþjónustu.

Síðan þarf að taka á afkomuvanda ákveðinna hópa. Þannig er nauðsynlegt að hækka barnabætur. Þær eiga að vera ótekjutengdar og eiga að ná til barna allt að 18 ára aldri. Sveitarfélögum ber að draga úr gjaldtöku vegna skólaþjónustu og tómstunda og þau þurfa að gera börnun kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstarf án tillits til efnahags foreldra.

Í málefnum öryrkja þarf að gera betur. Með samkomulagi öryrkja og heilbrigðisráðherra hefur staða þeirra nálgast áherslur Alþýðusambandsins, en betur má ef duga skal.

Jafnframt þarf að draga úr álögum hins opinbera á húsnæði eldri borgara og gera þeim þannig kleift að búa sem lengst í eigin íbúð, ef þeir kjósa að gera það.

Um 6000 einstaklingar á íslenskum vinnumarkaði eru atvinnulausir. Það er grafalvarlegt mál og ljóst að við svo búið má ekki standa. Verkalýðshreyfingin getur aldrei sætt sig við það.

Atvinnuleysi er böð -- það er böð fyrir hvern þann sem fyrir því verður og fjölskyldu hans -- og það er þjóðfélagslegt böð. Sagan kennir okkur að atvinnuleysi fylgja margvíslegir fylgikvillar, jafnt fyrir þann atvinnulausa og samfélagið.

Þess vegna er það samfélagsleg skylda okkar að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Jafnframt er það skylda okkar að búa þannig um hnútana í samfélaginu, að brugðist sé við því með viðunandi hætti þegar til atvinnuleysis kemur.

Annars vegar þarf samfélagið í heild að leggja sig fram um að skapa nægilega mörg störf fyrir vinnufúsar hendur. Hins vegar þarf velferðarkerfið að vera undir það búíð að tryggja þeim sem af einhverjum ástæðum eru án vinnu um stundarsakir bærulega afkomu, því þó svo það hljóti alltaf að vera forgangsverkefni að koma í veg fyrir atvinnuleysið, þarf velferðarkerfið að vera undir það búíð að taka á málefnum atvinnulausra. Það felst meðal annars í greiðslu atvinnuleysisbóta.

Allt fram til ársins 1996 tóku atvinnuleysisbætur mið af launum fiskverkafólks og hækkuðu til samræmis við þau. Í upphafi þess árs var tengingin rofin með breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Eftir það hafa þær verið endurskoðaðar með tillit til þróunar launa, verðlags og efnahagsástands.

Það er hins vegar staðreynd, að lægstu laun hafa á síðustu árum hækkað talsvert meira en laun almennt. Lágmarksdagvinnulaun fiskverkafólks án bónusa – sem miðað var við fyrir þessa breytingu, eru í dag 93.000. Fullar atvinnuleysisbætur eru aftur á móti um 77.500. Þær eru því um 20% lægri en ef þær hefðu áfram fylgt dagvinnulaunum fiskverkafólks. Þetta er algerlega óviðunandi.

Í flestum OECD ríkjum eru atvinnleysisbætur tengdar fyrri launum með einhverjum hætti, þó svo útfærslan sé mismunandi. Meðal þess sem er að finna í þeim tillögum sem hafa verið til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins er að hafin verði skoðun á því hvort tekjutengja eigi atvinnleysisbætur með einhverjum hætti og þá hvernig.

Þessu til viðbótar er lögð mikil áhersla á aðstoð, ráðgjöf og möguleika á að efla menntun þeirra sem eru í atvinnuleit, til að treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Í því sambandi er það samkomulag sem gengið hefur verið frá um Fræðslumiðstöð atvinnlífsins mikils virði. Til þess að Ísland geti kallað sig þekkingarþjóðfélag, þurfum við að sjá til þess að þessu fólki - sem öðrum - standi til boða menntun við hæfi sem eykur þekkingu og starfshæfni þess.

Markmið okkar er full atvinna. Það er eitt mikilvægasta baráttumál verkalýðshreyfingarinnar. Jafnframt þarf að tryggja að atvinnleysisbætur hækki nú þegar í 93.000.

#### Félagar

Ég hef hér gert málefni atvinnulausra að miklu umtalsfefni. Það er ekki að ástæðulausu. Atvinnuleysi er um 4% og á annað þúsund einstaklingar hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði.

Á sama hátt og við ítrekum nauðsyn þess að atvinnleysisbætur verði hækkaðar, leggjum við áherslu á að viðmið sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð verði hækkuð. Það getur vel verið að það þýði að ríki og sveitarfélög þurfi að endurskoða skiptingu skatttekna. Það er aftur á móti tæknilegt úrlausnarefni og á ekki að standa í vegi fyrir því að fólki sé tryggt sómasamleg framfærsla.

Jafnframt er mikilvægt að reglur sveitarfélaganna í sambandi við félagsþjónustu verði samræmdar. Það er ekki hægt að líða, að sveitarfélög geti ákvarðað með mismunandi hætti hvenær þörf er fyrir hendi og með hvaða hætti henni er mætt.

Viðsnúningurinn í efnahagslífinu og þau skilyrði sem hann skapar fyrir aukna velsæld gerir það að verkum að við ráðum vel við að gera nauðsynlegar endurbætur á velferðarkerfinu. Það kostar innan við 10 milljarða á ári að sníða af því verstu agnana.

10 milljarðar eru miklir fjármunir. En við höfum ráð á því. Raunar höfum við ekki ráð á því að láta það viðgangast að hópar fólks læsist í gildrum fátæktar eins og nú er. Þá fjötra þurfum við að leysa. Um leið leysum við úr læðingi illa nýttan mannauð sem þjóðfélagið og atvinnulífi þurfa á að halda.

Þetta á ekki að vera skiptimynt í kjarasamningum, heldur verkefni sem menn ganga í hiklaust. Nú eru að nalgast kosningar til Alþingis. Kynnt hafa verið áform um miklar skattalækkanir, að vísu mismikið eftir flokkum og útfærslurnar eru mismunandi. Í þessu sambandi skulum við hafa nokkur atriði í huga.

Það sannarlega ánægjuefni að ríkissjóður skuli vera það vel staddur að hann geti séð af skatttekjum, eða væntanlegum tekjum vegna aukinna umsvifa.

Við viljum þó að forgangsöröðin sé skýr. Það verður að vera alveg ljóst, að verkalýðshreyfingin er ekki tilbúin til að sætta sig við að skattalækkanir verði fjármagnaðar með niðurskurði í þjónustu. Það er jafnframt ljóst, að við ætlumst til að nauðsynlegar lagfæringar verði gerðar á velferðarkerfinu áður en farið verður að lækka skatta yfir

línuna.

Þegar búið er að gera nauðsynlegar endurbætur á velferðarkerfinu geta menn síðan snúið sér að skattalækkunum. Það er þó hreint ekki sama hvernig menn fara í þau mál. Ég er til dæmis algerlega mótfallinn flatrí lækkun á tekjuskatti sem gengur upp stigann, því slík breyting felur í sér að þeir sem hafa það best, hagnast mest. Þeir sem minnst hafa, hagnast minnst.

Verkalýðshreyfingin vill að fyrst verði hugað að skattalækkunum hjá þeim sem verst eru settir og bera minnst úr bótum í dag. Einungis þannig drögum við úr því misrétti í kjörum sem hefur aukist á undanföllum árum. Flöt prósentulækkun á skatthlutfalli gerir ekki annað en auka þennan mun enn frekar.

Það sem skiptir þó mestu máli í þessu sambandi – til að hægt sé að lagfæra velferðarkerfið, útrýma atvinnuleysi og lækka skatta, er traust og stöðugt atvinnulíf. Verkalýðshreyfingin lagði grunninn að þeim stöðugleika sem við búum við og ætlast til þess að aðrir umgangist hann af virðingu.

Kjörorð alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar á 1. maí er virðing. Einkunnarorð dagsins hjá okkur eru - Velferð fyrir alla. Þetta rímar mjög vel saman, því með öflugum velferðarkerfi sýnum við sjálfsögðum þörfum og mannréttindum tilhlýðilega virðingu.

Við viljum þó að virðingin nái lengra. Við höfum lýst fullri samstöðu við kröfur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar í alþjóðamálum. Þannig hefur verkalýðshreyfingin mótmælt stríðsrekstri Bandaríkjamanna og Bretar í Írak. Íslensk verkalýðshreyfing hvatti stjórnvöld til að beita áhrifum sínum til að koma í veg fyrir árás. Við vitum öll hvað gerðist.

Vissulega var stjórnarfarir í Írak óvinveitt írösksku þjóðinni. Aðferðin fór hins vegar í bága við samþykktir og ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Það virðist þó ekki vera nóg að ráðamenn fari með ofbeldi á hendur saklausu fólki til að Bandaríkin og Bretar tugti þá til. Ríkisstjórn Ísrael hefur um langt skeið beitt palestínsku þjóðina óþolandi ofríki og ofbeldi. Þetta hefur hún gert í skjóli og með stuðning þeirra sömu og tóku sér lögregluvald í Írak – í nafni frelsis og mannúðar.

Getur verið að frelsi og mannúð séu annað heiti yfir aðgang að náttúruauðlindum – svo sem olíu? Ef Bandaríkjamenn og Bretar taka ekki stjórnvöld í Ísrael á teppið næst og frelsa palestínsku þjóðina – þá gef ég lítið fyrir tal þeirra um frelsi og mannúð.

Félagar.

Við höfum í störfum okkar á undanföllum misserum séð hverju samstaðan fær áorð. Fyrst var það samstaðan innan okkar raða sem knúði aðra til að taka þátt í því með okkur að kveða niður verðbólguna.

Nú viljum við freista þess að skapa víðtæka sátt um velferðarkerfið – þjóðarsátt. Miðað við þær viðtökur sem áherslur okkar hafa fengið, ætti það ekki að vera fjarlæg. Til að það takist þurfum við fyrst og síðast að viðhalda samstöðunni innan okkar eigin raða. Hún er límið sem heldur okkur saman og hún er mikilvægur hluti af drifkraftinum fyrir framfarir í þjóðfélaginu – framfarir sem fela í sér velferð fyrir alla.

Félagar,

Til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkafólks sem tengir okkur saman, þvert á landamæri og yfir höf.

Gleðilegt sumar